

LÖG

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mútubrot).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „4 árum“ í 1. mgr. 109. gr. laganna kemur: 5 árum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. a laganna:

- a. Á eftir orðunum „sem stjórnar“ í 1. og 2. mgr. kemur: innlendu eða erlendu.
- b. Í stað orðanna „3 árum“ í 1. mgr. kemur: 5 árum.
- c. Í stað orðanna „3 árum“ í 2. mgr. kemur: 6 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. júní 2018.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.